



Laga- reglugerðarbreytingar
sem hafa áhrif á hafnir
2012 - 2014

Gísli Gíslason, hafnarstjóri

Lagalistinn

1. Losun og móttaka úrgangs frá skipum.
2. Hafnalagafrumvarp.
3. Skipulagsreglugerð.
4. Lög um umhverfismat.
5. Vigtamál.
6. Siglingavernd – (ISPS)
7. Samgöngustofa og Vegagerðin.
8. Samgönguáætlun.



Lög um losun og móttöku úrgangs frá skipum

- Breyting á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda.
- **Óheimilt er að losa sorp og farmleifar frá skipum** á hafsvæði innan tólf sjómílna frá grunnlínu landhelginnar. Óheimilt er að losa í hafið þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í hafinu. Heimilt er að losa kvarnaðan matarúrgang utan þriggja sjómílna frá landi...
- **Hafnarstjórn skal koma upp viðunandi aðstöðu** fyrir móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum í öllum höfnum. Aðstaðan skal miðast við þarfir skipa er jafnan koma í viðkomandi höfn.
- **Hafnarstjórn er heimilt að fela þjónustuaðila með samningi umsjón** með móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum.
- **Öll skip, að undanskildum fiskiskipum**, skemmtibátum sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, herskipum, hjálparskipum í flota, skipum sem þjónusta fiskeldi og skipum í ríkiseign eða ríkisrekstri sem nýtt eru í þágu hins opinbera, sem koma til hafnar skulu greiða gjald fyrir móttöku og meðhöndlun á úrgangi frá skipum.....
- Gjald skv. 1. mgr. **má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips** er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Veita má undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. mgr. fyrir skip í áætlunarsiglingum sem hafa tíða og reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í einhverri höfn á siglingaleiðinni.
- **Umhverfisstofnun hefur eftirlit** með móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum í höfnum, tilkynningum um úrgang, áætlunum hafna og að til staðar sé aðstaða fyrir móttöku úrgangs.
- Breyting á hafnalögum:
- **Ný grein sem bætist við 2. mgr. 17. greinar:**
- Gjald fyrir móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs og farmleifa frá skipum. **Gjaldtakan tekur til allra skipa** sem koma til hafnar.....nema:
 - Fiskiskip
 - Skemmtibátar < 12 farþegar.
 - Herskip og ríkisskip
 - Þjónustuskip fyrir fiskeldi
- Ákvörðun gjalds: Við ákvörðun fjárhæðar gjalds skal tekið mið, eftir því sem við á, af fjölda skipverja og farþega um borð, lengd sjóferðar og stærð skips.
- Gjald fyrir móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs **skal standa undir kostnaði** við aðstöðu fyrir móttöku úrgangs frá skipum, kostnaði við meðhöndlun og förgun úrgangs frá skipum sem og **kostnaði við eftirlit Umhverfisstofnunar.**
- **Á eftir 29. grein hafnalaga:**
- Lög þessi fela í sér innleiðingu ákvæða 4. gr. og 7.–10. gr. **tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins** 2000/59/EB, um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum.....



Frumvarp til hafnalaga

Dagaði uppi í maí 2014



Skipulagsreglugerð

- Reglugerðarbreyting í janúar 2013:
- Skilgreiningu landnotkunar á hafnarsvæðum breytt og er nú þannig:
- **“Hafnir (H).**
Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.”
- Fiskvinnsla, slíppar, frystigeymslur, olíutankar, o.fl. Falla nú undir athafnasvæði eða iðnaðarsvæði.



Lög um umhverfismat

- Dýpkunarverkefni: Alltaf matsskyld ef efnismagn er yfir 50.000 m³. **Flokkur A**
- Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um. Alltaf matsskyld. **Flokkur A**
- Hafnir og viðlegubryggjur utan þéttbýlis á verndarsvæðum. **Flokkur B**
- Viðlegubryggjur (að undanskildum ferjulægjum) sem tengdar eru við land og eru utan hafna, þar sem skip stærri en 1.350 tonn geta lagst að til losunar og lestunar. **Flokkur A**
- Aðrar hafnir og viðlegubryggjur en tilgreindar eru í flokki A . **Flokkur C**



Vigtarmál

- Breyting 20.1.2014: “Á eftir orðunum „fyrir og eftir slægingu“ í 1. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar kemur nýr málslíður, svohljóðandi: **Auk þess skal vigta hvern fisk sérstaklega.**”
- Umræða um heimavigtun, fjarvigtnun, ísprósentu.....o.sv.frv.



ISPIS

- Telji Samgöngustofa að eftirlitsskyldur aðili, þ.m.t. útgerð, skipafélag eða hafnaryfirvöld, fylgi ekki lögum, reglugerðum og öðrum reglum eða kröfum sem gilda um starfsemi hans og varða málefni tengd siglingavernd, svo sem við gerð áhættumats eða verndaráætlunar, aðstöðu eða framkvæmd á siglingavernd, skal stofnunin **krefjast þess að viðeigandi úrbætur séu gerðar innan hæfilegs frests.**
- Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Óheimilt er einstaklingi, án heimildar Samgöngustofu eða hafnaryfirvalda, að fara inn á haftasvæði, höfn eða hafnarsvæði sem aðgangur hefur verið takmarkaður að eða bannaður, sbr. 1. mgr.
Óheimilt er einstaklingi, án heimildar hafnaryfirvalda, skipstjóra, eiganda skips eða útgerðarfélags, að fara um borð í skip, taka sér far eða gera tilraun til þess að ferðast sem laumufarþegi með skipi, í eða úr íslenskri lögsögu.
- Áður en Samgöngustofu er heimilt að veita einstaklingi aðgang að viðkvæmum upplýsingum um siglingavernd eða hún heimilar honum að sækja námskeið í siglingavernd, vegna umsóknar um starf í þágu ríkisins, verndarfulltrúa, viðurkennds verndaraðila eða öryggisvottaðs ráðgjafa, skal stofnunin, viðkomandi hafnaryfirvald, skipafélag, útgerð eða annar sá aðili sem krafist er að hafi slíkan starfsmann í starfi óska eftir **bakgrunnsathugun** og **öryggisvottun** lögreglu honum til handa. Stofnuninni er heimilt í þeim tilvikum þegar um er að ræða einstakling sem sækist eftir starfi hafnargæslumanns og starfið krefst aðgangs að viðkvæmum
- **Hert ákvæði við brotum.**



Lög um Samgöngustofu og Vegagerðina frá 2012

- **Samgöngustofa** fer með stjórnýslu samgöngumála samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir. Stofnunin annast stjórnýslu og eftirlit er lýtur að:
 1. flugmálum,
 2. hafnamálum og málum sem varða sjóvarnir,
 3. siglingamálum,
 4. umferðarmálum,
 5. vegamálum.
- **Vegagerðin** hefur það hlutverk að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir.



Samgönguáætlun

- **Samgönguáætlun 2013 – 2016.**
Hlutur hafna:

06-662 Hafnarframkvæmdir	2013	2014	2015	2016
1.01 Almennur rekstur	13	13	13	39
6.70 Hafnabótasjóður	215	421	460	1.096
6.72 Landeyjahöfn	607	353	382	1.342
6.73 Húsavíkurhöfn	348	238	233	819
6.76 Ferjubryggjur	3	5	5	13
Samtals 06-662	1.186	1.030	1.093	3.309

Samgönguáætlun 2011 – 2022:

26 hafnir (hafnarsjóðir) í grunneti – 37 hafnarsvæði.

Meginhöfn fyrir almennan vöruflutning til og frá landinu verður eins og áður Reykjavíkurhöfn. **Tollhafnir** eru einnig á eftirtöldum stöðum: Akranesi, Akureyri, Eskifirði, Grundarfirði, Grundartanga, Hafnarfirði, Höfn í Hornafirði, Húsavík, Ísafirði, Keflavík, Kópavogi, Neskaupstað, Reyðarfirði, Sauðárkróki, Seyðisfirði, Siglufirði, Skagaströnd, Þorlákshöfn, Vestmannaeyjum og Vopnafirði. Þá skapa **áætlunarsiglingar til og frá Reyðarfirði** möguleika á almennum vöruflutningum til og frá landinu. Aðföng og afurðir stóriðju fara um stóriðjuhafnir. **Aðföng fiskvinnslu og sjávarafurðir fara oftast til og frá þeim 28 fiskihöfnum** sem uppfylla kröfur siglingaverndar og þar sem vinnsla fer fram. **Ferjusiglingar til Evrópu fara um Seyðisfjarðarhöfn** og þá taka átta hafnir á móti **skemmtiferðaskipum** með erlenda farþega. Gera má ráð fyrir

áframhaldandi vexti í komum skemmtiferðaskipa.

- Fram að lokum síðustu aldar var útdeiling fjármagns til hafna og sjóvarna með huglægum hætti. Á tíunda áratugnum fór Siglingastofnun að þróa **reiknilíkön** sem hafa verið notuð til að forgangsraða hafnarframkvæmdum og sjóvörnum. Hafnarframkvæmdum er nú **forgangsraða**ð eftir ástandi og umsvifum hafna. Á grundvelli úttekta er þörf fyrir framkvæmdir metin, hve miklum úrbótum þær skila fyrir viðkomandi höfn og landið í heild.
- Dregið verði úr **útblæstri** frá skipum í höfnum landsins með uppbyggingu fyrir landtengingu við rafmagn og endurskoðun gjaldskrár.
- **Stefnumótun**, rannsóknir og úttektir á ýmsum sviðum.



VIKINGUR

14100 VIKINGUR